

Föstudaginn 5. október 1984.

Nr. 191/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Griffith David Scobie

Kærumál. Ferðabann felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. september sl., er barst Hæstarétti 1. þ.m., að því er ætla verður í því skyni að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en greinargerð hefur ekki borist af hans hálfu. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Eigi þykir sérstök ástæða til þess að ætla, að varnaraðili muni koma sér undan fullnustu á refsingu, er honum kann að verða dæmd í máli þessu, þannig að nauðsynlegt sé að banna honum för úr landi. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. september 1984.

Ár 1984, föstudaginn 28. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Griffith David Scobie, sem er bandarískur ríkisborgari, var með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 27. júní sl., dæmdur í sex mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 254. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og til greiðslu, ásamt tveimur dómþolum öðrum, skaðabóta að fjárhæð kr. 185.647.50 auk vaxta og sakarkostnaðar. William James Scobie rændi 1.839.134 krónum, og ákærði Griffith faldi peningana á heimili sínu, eftir að hann hafði fengið vitneskju um ránsbrot sonar síns, og hagnýtti sér hluta fjárins, kr. 30.000, til gjaldeyriskaupa.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Griffith David Scobie, Barmahlíð 35 hér í borg, fæddur 05.03.1926 í New York, verði með úrskurði meinuð

brottför héðan af landi fram til 1. mars 1985, en þó eigi lengur en þar til fullnaðardómur gengur í málinu, með vísan til 1. mgr. 72. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Kröfunni var mótmælt.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað dómi þessum til Hæstaréttar Íslands til þyngingar hvað varðar Griffith David Scobie. Með vísan til þess, 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74, 1974 og með hliðsjón af lagasjónarmiðum þeim, er liggja til grundvallar 2. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu ákærvaldsins til greina og ákveða, að Griffith David Scobie verði meinuð för úr landi til föstudagsins 1. mars 1985, kl. 17:00, en þó eigi lengur en þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Griffith David Scobie, er óheimil för úr landi allt til föstudagsins 1. mars 1985, kl. 17:00, en þó eigi lengur en þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í málinu.

Mánudaginn 15. október 1984.

Nr. 114/1982. **Víðir Jóhannsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Guðmundi Runólfssyni h/f

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 6. janúar 1982. Útivist varð af hans hálfu 3. maí 1982, en hann áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 17. maí 1982 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndi greiði honum 18.205.40 krónur með 19% ársvöxtum frá 11. apríl 1979